

GJALDSKRÁ

fyrir söfnunarstöð sorps á Höfn í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Almennt.

Sveitarfélagið Hornafjörður innheimtir gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 236/2018.

2. gr.

Gjöld fyrir förgun úrgangs.

Gjaldskráin skal vera með eftirfarandi hætti, án virðisaukaskatts:

Óendurvinnanlegur og almennur úrgangur 33 kr. kg.

Blandaður og óflokkaður úrgangur 33 kr. kg.

Til viðbótar bætist kostnaður vegna flokkunar 6.897 kr. klst.

Lágmarksgjald er 3.025 kr.

Skólp og seyra 12 kr. kg.

Lífrænn úrgangur í urðun 33 kr. kg.

Lífrænn úrgangur í moltu 21 kr. kg.

Fyrir spilliefni, mengaðan úrgang o.þ.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á, skal greiða samkvæmt eyðingarkostnaði hverju sinni.

Íbúar greiða eftir rúmmáli, eitt klipp af klippikorti sem húseigendur fá afhent samsvarar 0,25 m³ eða allt að 25 kg. Eitt klippikort gildir fyrir 4 m³ af úrgangi eða allt að 400 kg. Aukaklippikort kosta 13.200 kr. stk.

Rekstraraðilar greiða fyrir losun samkvæmt ofangreindu kílóagjaldi fyrir losun á úrgangi í eftirfarandi flokkum.

Flokkur	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum
Almennur heimilisúrgangur og skyldur úrgangur	já	já
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Vörubretti, kassar og sambærilegt	já	já
Timbur	já	já
Timbur, málað	já	já
Húsgögn, ekki ljósmáluð og plasthúðuð	nei	já
Garðaúrgangur	nei	nei
Gras, trjágreinir	nei	nei
Hey frá dýrahaldi	nei	nei
Jarðvegur	nei	nei
Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum bylgjupappa	nei	nei
Plastumbúðir og annað plast	nei	nei
Gifspötur frá framkvæmdum	já	já
Flísar og postulín	já	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei

<i>Flokkur</i>	<i>Gjaldskylt frá heimilum</i>	<i>Gjaldskylt frá rekstraraðilum</i>
Kapalkerfi	nei	já
Sóttmengað	já	já
Málmar	nei	nei
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki af öllum gerðum s.s. þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, örbylgjuofnar, tölvur, sjónvörp o.þ.h.	nei	nei
Heyrúlluplast (rúlluplast)	nei	nei
Rafhlöður, rafgeymar	nei	nei

3. gr.

Aðfararheimild.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með aðför sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

4. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 10. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1308/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 9. desember 2021.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri.